

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 38/2023**

**frá 17. mars 2023**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/488 frá 25. mars 2022 um að leiðrétta þýsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/176 frá 9. febrúar 2022 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/632 frá 13. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, samsettar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 100, 28.3.2022, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 29, 10.2.2022, bls. 4.

1. gr.

I. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 11bo (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/632) í hluta 1.1 í I. kafla og 31qo (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/632) í II. kafla:

„, breytt með:

– **32022 R 0176**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/176 frá 9. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 29, 10.2. 2022, bls. 4).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011) í hluta 7.1 í I. kafla:

„– **32022 R 0488**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/488 frá 25. mars 2022 (Stjtið. ESB L 100, 28.3.2022, bls. 6).“

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 164o (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/632) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

– **32022 R 0176**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/176 frá 9. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 29, 10.2. 2022, bls. 4).“

3. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2022/488 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/176, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING